

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 402. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. júní 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 2) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 3) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- 4) Kosning þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn Snæfellsbæjar til fjögurra ára.
- 5) Kosning aðal- og varamanna í nefndir og ráð Snæfellsbæjar til fjögurra ára.
- 6) Ráðning bæjarstjóra.
- 7) Prókúruumboð bæjarstjóra og bæjarritara.
- 8) Siðareglur kjörinna fulltrúa í Snæfellsbæ.
- 9) Fundargerð 368. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 21. maí 2026.
- 10) Fundargerð 35. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 2. júní 2026.
- 11) Fundargerð 202. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28. maí 2026.
- 12) Fundargerð stjórnar Dvalarheimilisins Jaðars, dags. 12. maí 2026.
- 13) Fundargerð 153. fundar hafnarstjórnar, dags. 12. maí 2026.
- 14) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 18. maí 2026.
- 15) Fundargerð 202. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 18. maí 2026.
- 16) Fundargerð 242. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 26. mars 2026.
- 17) Fundargerð 998. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. maí 2026.
- 18) Fundargerð 482. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 13. apríl 2026.
- 19) Fundarboð á aukaaðlafund SSV 2026, dags. 1. júlí 2026.
- 20) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. maí 2026, varðandi Landsþing Sambandsins og landsþingsfulltrúa.
- 21) Menntastefna Snæfellsbæjar 2026-2031
- 22) Innleiðing menntastefn Snæfellsbæjar 2026-2031.
- 23) Bréf frá Maggýju Hrönn Hermannsdóttur, dags. 18. maí 2026, varðandi lóðarleigusamning um Dalbæ
- 24) Bréf frá Skógræktar- og landverndarfélagi undir Jökli, dags. 27. maí 2026, varðandi frísbíggjufvöll í Tröðinni á Hellissandi.
- 25) Bréf frá EBÍ, dags. 2. apríl 2026, varðandi tillögu að nýjum samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
- 26) Samþykktir Félags- og skóláþjónustu Snæfellinga bs. – seinni umræða í bæjarstjórn eftir samþykkt í ráðuneytunum.
- 27) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 28) Minnisþingar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 31. maí 2026
Júníana Björg Óttarsdóttir

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Snæfellsbæ

1.gr.

Markmið siðareglananna

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttæmi og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Snæfellsbæjar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa og aðra þá sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Snæfellsbæ.

2.gr.

Lög og reglur

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Snæfellsbæjar, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu og að við ákvarðanatöku ráði málefnaleg og lögmæt sjónarmið.

3.gr.

Ábyrgð og upplýsingar

Kjörnum fulltrúum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Snæfellsbæjar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins.

4.gr.

Umboð og háttvísi

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Snæfellsbæjar. Kjörnir fulltrúar sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Snæfellsbæjar virðingu. Þeir koma fram af háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

5.gr.

Ábyrg meðferð á almannafé

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé.

6.gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Snæfellsbæjar.

7.gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna, eða annarra sem þeim eru tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Snæfellsbæ lýkur. Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum síðnum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20 .gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8.gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Snæfellsbæjar, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins nema um sé að ræða óverulegar gjafir , þannig að túlka megí sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda/ráða.

9.gr.

Umræður og endurskoðun

Síðareglur þessar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir. Þær skulu síðan kynntar kjörnum fulltrúum í nefndum og ráðum.

10.gr.

Míðlun síðareglna til starfsmanna og íbúa

Skrifstofa Snæfellsbæjar kynnir síðareglurnar fyrir starfsmönnum og íbúum Snæfellsbæjar.

368. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 21. maí 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) **Nýting félagsheimilisins Rastar fyrir börn og ungmenni.**
Halldóra Kristín Unnarsdóttir komst ekki á fundinn og samþykkti því bæjarráð að fresta afgreiðslu á erindinu og taka það fyrir á fundi síðar í sumar.
- 2) **Bréf frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, dags. 30. apríl 2026, varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra til Jaðars vegna endurnýjunar á sjúkrakallkerfi.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, dags. 30. apríl 2026, varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra til Jaðars vegna kaupa á nýrri lyftu.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Bikers Paradise ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, C-minna gistiheimili, að Sandholti 45 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Bikers Paradise ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, C-minna gistiheimili, að Sandholti 45 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um leiðréttu umsókn Sveins Gíslasonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sveins Gíslasonar., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 13. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um breytingu á gildu rekstrarleyfi Gistiheimilisins Hofa úr flokki II, gististaður án veitinga, í flokk IV, gististaður með áfengisveitingum, ásamt fjölgun á gistirýmum upp í 88 gesti og veitingarými upp í 120 gesti, að Hofgördum í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gistiheimilisins Hofa, um leyfi til breytinga á gildu rekstrarleyfi úr flokki II, gististaður án veitinga, í flokk IV, gististaður með áfengisveitingum, ásamt fjölgun á gistirýmum upp í 88 gesti og veitingarými upp í 120 gesti, að Hofgördum í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

- 7) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, B-minna gistiheimili, að Brautarholti 7 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Brautarholti 7 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 8) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri ræddi niðurrif Áttthagastofunnar. Verkið gekk vel.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að Pakkhúsið var opnað um daginn. Það er mjög jákvætt að komið sé líf í það fallega hús.
 - Bæjarstjóri sagði frá undirbúningi fyrir almyrkvann í ágúst.
 - Bæjarstjóri fór yfir fjármál.
 - Bæjarstjóri ræddi um sölu á húsnæði Jaðars til ríkisins.
 - Bæjarstjóri þakkaði bæjarráði ánægjulegt samstarf á síðasta kjörtímabili og sér í lagi Friðu og Birni sem eru á sínum síðasta fundi sem bæjarfulltrúar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:53




Jónína Björg Ottarsdóttir




Björn H Hilmarsson



Friða Sveinsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

35. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 2. júní 2026 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Þórður Tryggvi Stefánsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Valgerður Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Matthías Páll Gunnarsson og Vagn Ingólfsson. Ævar Sveinsson komst ekki.
Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Þórður fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Búið er að steypa allan kantbitann á Norðurbakkann í Ólafsvík, samtals 125m. Jafnframt búið að setja þybbur utan á þil, setja kanttré á kantbitann og ganga frá þeim.
- b) Verið er að setja upp aðra vefmyndavél á Suðurþil í Ólafsvík. Þessi vél verður aðgengileg fyrir almenning.
- c) Farið er í að meta ástand töskuvitans í Rifshöfn og hvað þurfi að gera við hann.
- d) Skipt var um fjögur lítil götuljós við uppsátur í Ólafsvík.
- e) Unnið er við lokafrágang skrifstofunnar í Hafnarhúsinu í Ólafsvík.
- f) Verið er að huga að tiltekt á hafnarsvæðinu í Rífi.

2) Kristinn fór yfir punkta vegna Áhaldahússins:

- a) Búið er að rífa Átthagastofuna og ganga frá lóðinni með þökulagningu o.fl.
- b) Byrjað er að undirbúa lagfæringar utanhúss við aðalinnganginn og við bakinnangang.
- c) Byrjað er að stækka tjaldsvæðið á Hellissandi.
- d) Farið var í lagfæringar á fjárgirðingar í þéttbýlinu og á Arnarstapa og Lýsuhóli.
- e) Byrjað er á framkvæmdum utanhúss við leikskólann í Ólafsvík.
- f) Búið er að tjarga Pakkhúsið og verið er að undirbúa málningu á þakinu.
- g) Verið er að skipta um gluggana í bláa salnum í Klífi.

3) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Á Jaðri var tekið á móti nýjum stólum. Þar voru líka rúm lengd ásamt smávegis viðhaldsframkvæmdum.
- b) Löguð útihurð á tónlistarskólanum á Hellissandi.
- c) Farið var á Lýsuhól og skoðað ýmislegt. Loftræstikerfið er í lagi og þar var löguð ein hurð líka.
- d) Á Kríubóli var skipt um útihurðarlæsingu á nýrri hurð. Gluggajárn eru orðin léleg á nýja hluta leikskólahúsnæðisins og verða ný pöntuð og skipt út fyrir þau gömlu.
- e) Búið er að vera að gera við íbúðina í E20, 3hm. Þar er verið að gera upp eldhúsið og badherbergið.

MFG
BTA
ATK
SKC
UK
FIS

4) Vagn fór yfir framkvæmdir vegna grunnskólans.

Ólafsvíkurdeild

- a) Í vinnuástöðu kennara voru settar upp hljóðdempandi veggplötur á tvo vegg.
- b) Í kennslustofu 2 var færsla á rafmagnsstokki á töfluvegg, veggurinn spartslaður og málaður. Sett var upp 75" sjónvarp og tússtafla.
- c) Í kennslustofu 4 var töfluveggur spartslaður og málaður. Sett upp 75" sjónvarp og tússtafla.
- d) Vatnsvél lagfærð.
- e) Kennaraborð lagfærð.
- f) Gardínulagfæringar.
- g) Síur í varmadælum losaðar.
- h) Lagfæring á vatnskössum á salernum drengja.
- i) Skipt út gömlu kennaraborði í Textílmenn fyrir nýtt rafmagnsborð sem okkur var gefið úr Vör.
- j) Vinna er í gangi við að spúla skólalóðina.

Hellissandsdeild

- k) Eftir síðasta teymisfund settist ég niður með Ragnari í þeim tilgangi að við fengjum svör frá Gluggatækni varðandi gluggana í skólanum .
- l) Hreinsun á síum í varmadælum.
- m) Lagfærður leki á lögn í kjallara.
- n) Lagfæring á brotnu stigahandriði.

5) Matthías fór yfir framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja, slökkvistöðvar og tölvumála.

Íþróttahús Ólafsvík

- a) Farið yfir áhorfendabekki og hjól löguð á þeim
- b) Tekið til í geymslum og ýmsu hent sem ekki er þörf á lengur.
- c) Arkitektar íþróttahússins komu á fund ásamt mönnum frá Dúkkpak. Farið var yfir bygginguna og ákveðið að þeir myndu skila til okkar ástandsskýrslu, sem komin er. Jafnframt var þeim falið að hanna og gera kostnaðaráætlun fyrir þær úrbætur sem lagðar eru til í skýrslunni.

Sundlaug

- d) Klórvél á vaðlaug var löguð.
- e) Skipt um dælu fyrir litlu rennibrautina
- f) Farið yfir bakskolunarloka

MPG
SIC
VK
BLS
H
M

- g) Saunatunnan bilaði og er ekki í notkun, en nýr saunaklefi hefur verið keyptur og verður vonandi kominn um mánaðarmótin.
- h) Verið er að laga aðgengi að sundlauginni í Ólafsvík. Ný sjálfopnandi rennihurð er komin upp og verið er að laga tröppurnar fyrir framan.

Fótboltavöllur

- i) Útisvæðið þrifið; þ.e kringum fótboltavöllinn og stúkurnar.
- j) Vallarstarfsmaðurinn er byrjaður að slá og hirða völinn.

Slökkvilið


- k) Farið með lofthylki í þrýstiprófun.
- l) Loftpressa skoðuð.
- m) Vatnsöflunaræfing og reykköfunaræfing.
- n) Farið í 4 lokaúttektir.
- o) Byrjað að skoða brunavarnaráætlun, en henni þarf að skila árið 2027.

Tölvumál og annað

- p) Herðing á tölvukerfi er lokið með Syndis.
- q) Dren lagað á varmadælum í skólanum.

6) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Byrjað verður í vikunni að færa tæki og búnað úr eldhúsi grunnskólans í Ólafsvík áður en framkvæmdir hefjast við endurbætur á eldhúsinu. Áætlað er að verkinu verði lokið í byrjun ágúst.
- b) Búið er að ganga frá loftræstingu fyrir forstofu og viðbyggingu leikskólans í Ólafsvík. Settur var upp ferskloftventill á suðurhlið forstofu og rörablásari í viðbyggingu sem dregur út loftið í forstofu og salernum og tryggir þannig góð loftskipti í viðbyggingunni.
- c) Byrjað var í gær að skipta um glugga á austurhlið Klifs.
- d) Þak sundlaugarinnar sem ekki náðist að klára síðasta sumar, verður málað í sumar ásamt þaki „gamla“ skólans og millibyggingar og hefur verið samið við verktaka um verkið.
- e) Byrjað er á endurbótum á tröppum og palli fyrir framan aðalinngang Rastarinnar. Einnig verður steypdur rampur að innganginum til að bæta aðgengi þeirra sem eru með skerta hreyfifetu. Einnig verður steypur plan fyrir aftan húsið lagfært með því að brjóta í burtu alla lausa steypu og steypa nýja plötu ofan á þá sem er fyrir, með járnabindingu. Einnig verða steypar nýjar tröppur upp á stéttina.
- f) Átthagastofan var rifin í maí og gekk verkið vel. Búið er að þökuleggja lóðina og ganga frá verkinu að mestu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MPC', 'SIC', 'PIS', and 'VK'.

- g) Verktakarnir frá Jóhanni Helga & co eru væntanlegir um mánaðarmótin maí/júní til þess að vinna við leikskólalóðina í Ólafsvík og grunnskólalóðina á Hellissandi. Verktakar koma 8. júní til að hefja vinnuna.
- h) Unnið er að nýjum deiliskipulögum fyrir hluta af Hellissandi og Rif og er sú vinna langt komin. Einhverjar smávægilega breytingar verða á lóðarmörkum og verða þær unnar í samráði við viðkomandi lóðarhafa.
- i) Byrjað er á framkvæmdum við leikskólalóðina í Ólafsvík.
- j) Verið er að innleiða nýtt umsóknarferli fyrir byggingarleyfi í samvinnu við HMS. Það ætti að vera komið í gagnid í næstu viku, en þá fara allar umsóknir í gegnum HMS.
- k) Búið er að hanna tröppurnar fyrir aftan Höllina í Ólafsvík.
- l) Vinnuskólinn fer að byrja. 77 umsóknir eru komnar.
- m) Lagfærð voru leiktæki við skólalóðina á Lýsuhóli.
- n) Sumarvinnan er hafin, verið er að klippa gróður, hreinsa og setja niður sumarblóm.
- o) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd opnum svæðum svo eitthvað sé nefnt.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. júlí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:23

Þurkell Þ. Stefánsson
Þurkell Þ. Stefánsson
Smári J. Lötviksson
Valgerður Kristmannsd.
Baldur L. Þrássótt.
~~*Árni Á. Á.*~~
Matthias Páll Gunnarsson.
Ólafur Ólafsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 202202. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 28. maí 2026
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Smári Jónas Lúðvíksson og Gunnþóra Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Fellaslóð 3_Breyting á deiliskipulagi - 2605002

Sigríður Arngrímsdóttir hönnuður sækir fyrir hönd Karen Lien Thi Nguyen um leyfi fyrir breytingu á deiliskipulag fyrir Fellaslóð 3. Fyrirhugað er að stækka byggingarreit um 3 metra til suðurs þannig að byggingarreiturinn verði alls 11 metrar á lengd. Breidd helst óbreytt eða um 15,5 metrar. Heildar byggingarmagn fari ekki yfir 135 fm. Nýbygging skal vera í svipuðu útliti og núverandi hús með mænishæð allt að 3,5 metrum. Notkun hússins er óbreytt en húsnæðið er ætlað fyrir ferðaþjónustu með móttöku/þjónusturými og skrifstofum. Starfsemin gerir ráð fyrir 4-5 starfsmönnum og allt að 20 viðskiptavinum í biðsal þegar mest verður.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og að deiliskipulagsbreyting verði auglýst í samræmi við 1. mgr 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur áherslu á að aðkoma að húsinu verði í samræmi við deiliskipulag.

Samþykkt

2. Rif og Hellissandur - Deiliskipulag - 2605007

Kynnt eru drög að skilmálum vegna deiliskipulagsvinnu fyrir Rif og hluta af Hellissandi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram og kynna hlutaðeigandi aðilum vinnu deiliskipulags.

Í vinnslu

3. Skípholt 14 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir klæðningu, stækkun svala og breytingu glugga - 2605005

Bjarki Rúnar Steinsson sækir um byggingarleyfi fyrir því að klæða hús sitt að Skípholti 14 með standandi álklæðningu, sikka glugga á neðri hæð til norður ásamt því að færa glugga í stofu í suðurátt í upprunalegt horf með því að sikka þá. Einnig óskar hann eftir því að stækka svalir í vestur að lóðarmörkum og nýta þær sömuleiðis sem bílskýli.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði

MS MPA Hh AAD
Hh 66 777 512
VK

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

byggingarreglugerðar. Nefndin felur tæknideild að grenndarkynna erindið fyrir eigendum að Skipholti 12. Nefndir bendir á að betur færi á að endurskoða efnisval grindverks sem verði í takt við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Samþykkt

4. Helligbraut 16_Umsókn um byggingarleyfi fyrir 40 fm viðbyggingu - 2602001

Á 199. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar var erindi Sigfúsar Almarssonar frestað þar til gengið hefði verið frá lóðarsamningi, afstöðumynd og nýjum aðaluppdrætti sem næði einnig yfir eldri hluta hússins. Jafnframt var bent á að viðbygging samræmist eldra húsi betur í útliti.

Lóðarleigusamningur hefur verið undirritaður og afstöðumynd send inn ásamt nýjum aðaluppdrætti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

5. Grundarbraut 10 - Umsókn um ýmsar endurbætur að utan - 2605003

Þorkell Árnason sækir um byggingarleyfi fyrir ýmsum endurbótum á húsi sínu að Grundarbraut 10. Gluggar verða endurnýjaðir og þeim breytt sem næst því sem talið að þeir hafi verið í upphafi. Gerður verður pallur við vestlæga hlið hússins og gerður útgangur úr stofu, þar sem áður var stór gluggi. Húsið verður klætt að utan með alosink báru, samskonar og er á húsinu í dag. Frágangur vindskeiða verður sem líkastur því sem er í dag. Ný hurð verður sett í kjallara en í kjallara er eingöngu tæknirými.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

6. Ytri-Garðar_Fyrirspurn vegna afmörkunar íbúðarhúsalóða úr landi Ytri-Garða - 2605009

Lögð er fram fyrirspurn frá landeigendum Ytri-Garða sem hyggja að gerð merkjalýsinga sem er undanfari uppbyggingar innan jarðarinnar. Í erindinu var óskað eftir leiðbeiningum frá tæknideild.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og hvetur fólk til þess að fylgja þessu áfram.

Jákvætt

7. Naustabúð 11 - Óskað eftir leyfi fyrir saunahúsi á pallinum - 2604010

Jón Bjarki Jónatansson sækir um leyfi fyrir saunahúsi á pallinum við hús sitt að Naustabúð 11.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindi en felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda varðandi staðsetningu.

Samþykkt

8. Ljósmyndasýning við göngustíg á Sáinu - 2605008

VK
M.S. MPR MJA
HAB 66 ZTT
SIL TTT

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Heimir Berg Vilhjálmsson markaðs- og upplýsingafulltrúi sækir fyrir hönd menningarnefndar Snæfellsbæjar um leyfi fyrir uppsetningu á útljósmyndasýningu við Sáid/hafnarsvæðið í Ólafsvík.

Fyrirhugað er að setja upp 10 - 12 mynda sýninguna í júní næstkomandi og láta hana standa í sex mánuði.

Ljósmyndir verða prentaðar á 70x100 cm álplötu sem verða festar með staurum á steypar undirstöður frá Steypustöðinni í Rífi. Undirstöðurnar eru 120x60 cm að stærð og munu standa á grasinu. Engin jarðvinna felst í uppsetningu sýningarinnar.


Tilgangur sýningarinnar er að vekja athygli gesta á aðalburðarstöð atvinnulífs í sveitarfélaginu og skapa vettvang til að njóta ljósmynda og listasýningar undir berum himni í grennd við höfnina í Ólafsvík.

9. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2026 - 2601006

- Fyrirkomulag leyfa fyrir matarvagna vegna sólmyrkva þann 12. ágúst næstkomandi. Nefndin leggur til að matarvagnar þennan dag verði tilkynningarskyldir og að innheimt verði sanngjarnt gjald í samræmi við umfang umsýslu.

- Óleyfisframkvæmdir á Selhóli, Böðvarsholti og Ólafsbraut 19 ræddar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.



Matthías Póll Gunnarsson

gumpeira guttunnisdóttir

Fllugi Teufel

Krishna Þorunn

Majuri Þorbjörg

Hallgrímur Þor

Smári Þóðvirksson

~~Árni Ágústsson~~

Valgerður H. Kristmannsdóttir

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars þriðjudaginn 12.5.2026, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Formaður býður fundarmenn velkomna.
2. Forstöðumaður fylgir stjórn í skoðunarferð um húsnæðið.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 28.4.2025. Lagt fram til kynningar.
4. Sigrún kynnir umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra.
 1. Sótt var um endurnýjun á sjúkrakallkerfi kr. 2.076.000, og um stýrikerfi lyftu kr. 3.066.000,-. Báðar umsóknir voru samþykktar.
5. Sigrún fer yfir yfirlit um rekstur, starfsmannamál ofl.
 1. Reksturinn er góður. Búið að manna sumarið og nýlega var aukið við mönnun á næturvöktum. Nýting var 100% í hjúkrunarrýmum árið 2025.
6. Viðhald húsnæðis árið 2026. Húsnæðið verður málað í sumar að utan og áfram verður skipt um gólfefni. Frekari ákvarðanir um viðhald verða teknar eftir niðurstöður á viðræðum við ríkið um eignarhald á húsnæðinu.
7. Björn kynnir ársreikning ársins 2025. Hagnaður ársins var 54,4 milljónir. Eignfærðar framkvæmdir voru 31 milljón. Stjórn fagnar góðri niðurstöðu.
8. Önnur mál.
 1. Björn ræðir skilti á bílplani. Lagt er til að skiltum verði snúið.
 2. Sigrún segir frá því að von er á nýjum stólum í matsalinn.
 3. Sigrún segir frá fræðsluáætlun fyrir starfsmenn frá Akademies.

Björn formaður þakkar stjórnarmönnum og forstöðumanni sérstaklega fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og slítur fundi kl. 14.10.

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson.
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir

153. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn þriðjudaginn 12.05. 2026, kl. 20.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Heiðar Magnússon
Tinna Ýr Gunnarsdóttir
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 2 febrúar 2026. , varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 151. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 12 febrúar 2026. , varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 152. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 480 dags. 12.02 og nr. 481 dags. 17.03. 2026. Lagt fram til kynningar.
4. Afmörkun hafnarsvæða – leiðbeiningar útgefið af Innviðarráðuneytinu dags. mars 2026. Hafnarstjóri fór yfir helstu atriði málsins. Samþykkt samhljóma að fela hafnarstjóra að hefja vinnu við breytingar á hafnarsvæðum á sjó.
5. Leiðbeiningar um meðferð dýpkunarefnis – Útgefið af Umhverfis og orkustofnun dags mars 2026. Lagt fram til kynningar.
6. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2025. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.40

Fundargerð ritaði: Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Bárður Guðmundsson,
Heiðar Magnússon
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,
Þórður Tryggvi Stefánsson hafnarstjóri,

Fundargerð fræðslunefndar mánudaginn . 18. maí 2026 kl. 17:00

Mættir nefndarmenn

Sigrún Erla Sveinsdóttir
Kolbrún Ósk Pálsdóttir fyrir Margrét Sif Sævarsdóttir
Tinna Ýr Gunnarsdóttir
Jón Kristinn Ásmundsson
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir
Hermína Kristín Lárusdóttir
Linda Rut Svansdóttir
Valentina Kay
Vilborg Lilja Stefánsdóttir
Guðni Eiríkur Guðmundsson
Þórey Úlfarsdóttir
Kristín Helga Guðjónsdóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson - ráðgjafi hjá Ásgarði skólaráðgjöf

Fundargerð ritaði- Kolbrún Ósk Pálsdóttir.

- **Leikskólinn**

- kynnt var innramat og starfsáætlun sem hefur verið unnið í vetur og hefur gegnið vel að vinna eftir.
- búið er að kynna nýja skólanámskrá og skóladagatal.
- innramatskýrslan kemur flóttlega inná heimsíðus leikskólans.

- **Tónlistarskólinn**

- Nemandi frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar tók þáttur í uppskeruhátíð tónlistarskóla "Nótan" sem var 18.apríl 2026 á Patreksfirði.
- Vorpróf voru 27.og 28.apríl í Ólafsvík og á Hellissandi. 6.maí vorpróf var í Lýsuhóllsskóla.
- Vortónleikar voru haldnir í Klifi 4., 5., og 6.maí . Í Lýsuhóllsskóla vortónleikar verða 20.maí.
- Nemendur tóku grunnstigspróf. Prófdómarinn kom úr Reykjavík.

- það verður byggt tónleikarsalur við tónlistarskóla og bókasafnið í Ólafsvík á næstu árum.

Gott samstarf á milli Tónlistarskóla Snæfellsbæjar og stofnanna Snæfellsbæjar.

- **Grunnskólinn**

- matsferlinn kom vel út eftir veturinn.
- vinna við nýja kennsluáætlun gegnur vel,
- Grunnskólinn er að vinna að þarfagreiningu ásamt 40 öðrum skólum og gegnur sú vinna vel
- menntastefna verður lögð fram fyrir Bæjarstjórn 4. júní og kynnt fyrir nemendum og foreldra í ágúst.

- Önnur mál

fundur lauk kl. 18:00

Fullgild rafraen undirskrift

ÞORSTEINN NARFASON

Kennitala: 200366-5069
2026-05-18 17:02:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

GARÐAR FREYR VILHJÁLMSOON

Kennitala: 170290-2750
2026-05-18 17:04:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979
2026-05-18 17:58:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AUÐUR KJARTANSÐÓTTIR

Kennitala: 230891-2309
2026-05-18 18:12:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

INGA MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

Kennitala: 010388-3099
2026-05-19 09:33:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

TRAUÐTI GYLFAOON

Kennitala: 300964-4949
2026-05-19 15:31:46 GMT
Ástæða: Undirskrift



202. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 18. maí 2026 og hófst hann kl. 16.00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Trausti Gylfason og Garðar Freyr Vilhjálmsson.

Skúli Hreinn Guðbjörnsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar

- 1.1 Birta Ljósmyndir ehf. sækir um starfsleyfi fyrir lítinn gististað á Vatnsholti í Snæfellsbæ. Fjöldi gesta er 8. Leyfi gefið út 26. mars 2026 og gildir í 12 ár.
- 1.2 Carbfix hf. sækir um framlengt tímabundið leyfi vegna jarðborana á Grundartanga. Leyfi framlengt þar sem starfsemin er ekki hafin. Leyfið upphaflega gefið út 12. júní 2025 og gildir til 12. desember 2026.
- 1.3 Skipavík hf. sækir um starfsleyfi fyrir vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði á Klafastaðavegi 2 á Grundartanga. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins, engar athugasemdir bárust. Leyfið gefið út 16. apríl 2026 og gildir í 12 ár.
- 1.4 Skipavík hf. sækir um starfsleyfi fyrir trésmíða, vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði auk dráttarbrautar vegna málningarþjónustu fyrir skip og báta. Leyfið var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur, engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 16. apríl og gildir í 12 ár.
- 1.5 Agnar Jónasson sækir um leyfi fyrir lítinn gististað á Birkilundi 39 A, í Stykkishólmi. Fjöldi gesta er 6. Leyfi gefið út 17. apríl og gildir í 12 ár.
- 1.6 Ægishólmi ehf. sækir um leyfi fyrir starfsemi matarvagns, með staðsetningu í Grundarfirði. Leyfi gefið út 8. maí 2026 og er ótímabundið.
- 1.7 V&D sækir um starfsleyfi fyrir lítið kaffihús á Ólafsbraut 12 í Ólafsvík. Leyfið gefið út 8. maí og er ótímabundið.

Lagt fram.

2 Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998

- 2.1 Veitur ohf. sækja um skráningu fyrir niðurifi mannvirkja við Berjadalsá, Akranesi. Skráning staðfest 4. maí 2026. Númer staðfestingar er 676654.
- 2.2. IPG þjónusta ehf. Þjóðbraut 13a á Akranesi sækir um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði. Skráning staðfest 15. apríl 2026. Númer staðfestingar er 667260.

Lagt fram.

3 Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi

- 3.1 Umsögn vegna umsóknar frá Birtu Ljósmyndum ehf., kt. 610513-0180, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C– Minna gistiheimili, sem er staðsettur að Vatnsholti, Snæfellsnesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 8 manns. Jákvæð umsögn send 24. mars 2026
- 3.2 Umsögn vegna umsóknar Kiðafells ehf., kt. 620101-3030, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C- minna gistiheimili. Fjöldi gesta er 12. Jákvæð umsögn send 6. mars 2026.
- 3.3 Umsögn um umsóknar Arctic Canvas sf., kt. 610126-3240, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C- minna gistiheimili. Gististaðurinn er staðsettur að Nesi (F 2336056), 356 Snæfellsbæ. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 10 manns. Jákvæð umsögn send 6. mars 2026.
- 3.4 Umsögn um umsóknar Eyjólfssonar, kt. 200759-5249, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H- frístundahús Gististaðurinn er staðsettur að Hlíð, (F 2104202), 301 Akranesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 6 manns. Jákvæð umsögn send 16. apríl 2026.
- 3.5 Umsögn um umsóknar Helix slf., kt. 530218-0150, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C- minna gistiheimili. Gististaðurinn er staðsettur að Stóráróki 5 (F 2321957), 342 Stykkishólmi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 6 manns. Jákvæð umsögn send 16. apríl 2026.
- 3.6 Umsögn vegna umsóknar Agnars Jónssonar, kt. 270662-3909, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús. Gististaðurinn er staðsettur að Birkilundi 39A, 341 Stykkishólmi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 6 manns. Jákvæð umsögn send 17. apríl 2026.
- 3.7 Umsögn vegna umsóknar Brekkukinn ehf, kt. 430517-0580, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C minna gistiheimili. Gististaðurinn er staðsettur að Brekku Retreat, Brekkukinn, (F-2509738), 301 Akranesi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 4 manns. Jákvæð umsögn send 24. apríl 2026.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir

- 3.8 Umsögn vegna umsóknar Hestamannafélagsins Borgfirðings, um tækifærisleyfi fyrir árhátíð sem halda á í Reiðhöllinni - Faxaborg, 310 Borgarnesi þann 22. apríl frá kl. 23:00 til kl. 02:00 aðfaranótt 23. apríl. Gestafjöldi er skv. umsókn er 450 manns. Jákvæð umsögn send 31. mars 2026.
- 3.9 Umsögn vegna umsóknar Einars Hannessonar f.h. Bergnóttar ehf. um tækifærisleyfi með tímabundnu leyfi til áfengisveitinga vegna árhátíðar og dansleiks sem halda á félagsheimilinu Hjálmakletti í Borgarnesi þann 18. apríl n.k. Samkvæmt upplýsingum á umsókn mun viðburðurinn hefjast kl. 12:00 og standa til kl. 00:00. Áætlaður gestafjöldi er 200 manns. Jákvæð umsögn send 16. apríl 2026.
- 3.10 Umsögn um umsókn frá Ingimars Elí Hlynssonar f.h. Knattspyrnufélags ÍA, um tækifærisleyfi með áfengisveitingum vegna Konu & karlavölds ÍA sem haldið verður í íþróttahúsinu við Vesturgötu 130 á Akranesi. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 300 manns og mun samkoman verða haldin 30. apríl 2026 frá kl. 18:00 til kl. 02:30, þann 01.05.2026. Jákvæð umsögn send 16. apríl 2026.
- 3.11 Umsögn um umsókn frá Lilju Kjartansdóttur f.h. Fjölbautarskóla Vesturlands (FVA) um tækifærisleyfi vegna Skólansleiks - lokadansleiks sem haldinn verður í Fjölbautarskólanum að Vogabraut 5 á Akranesi. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 220 manns og mun samkoman verða haldin 30. apríl 2026 frá kl. 21:00 til kl. 00:00. Ekki verður boðið upp á veitingar. Jákvæð umsögn send 16. apríl 2026.

- 3.12 Umsögn um umsókn frá Sigmundi Heiðari Árnasyni, um tækifærisleyfi vegna dansleiks sem haldinn verður í Útgerðinni bar að Stillholti 16-18 á Akranesi. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 60 manns á aldrinum 25-65 ára. Mun dansleikurinn verða haldin 1. maí 2026 frá kl. 01:00 til kl. 04:00. Jákvæð umsögn send 31. mars 2026.
- 3.13 Umsögn um umsókn frá Sölva G. Gylfasyni, fyrir hönd Knattspyrnudeildar UMF Skallagríms kt. 5905932309 um tækifærisleyfi vegna fjáröflunarviðburðar (Pallaballs) í Hjálmakletti, Borgarnesi. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 400 manns á aldrinum 18-70 ára. Mun viðburðurinn verða haldinn 27. júní frá kl. 22:00 til 02:00, 28. júní 2026. Jákvæð umsögn send 31. mars 2026.
- 3.14 Umsögn um umsókn frá Ingimar Elí Hlynssyni f.h. Knattspyrnufélags ÍA, kt. 500487-1279 um tækifærisleyfi vegna viðburðar í Hátíðarsal Jaðarsbakka í tengslum við knattspyrnuleik ÍA. Fyrirhugaður gestafjöldi samkvæmt umsókn er 100 manns á aldrinum 20-60 ára. Mun viðburðurinn verða haldinn 13. maí frá kl. 17:00-22:00. Jákvæð umsögn send 11. maí 2026.

Lagt fram.

4. Tóbakssöluleyfi

H6 ehf / Hraðbúðin Hellissandi sækir um nýtt leyfi til sölu tóbaks. Leyfi gefið út 27. apríl 2026 og gildir í 4. ár.

Lagt fram.

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Akranes

- 5.1 Umsögn um nýtt deiliskipulag Kirkjubrautar, mál nr. : 284/2025. Umsögn send 23. mars 2026.
- 5.2 Umsögn um miðbæjarreit- breyting á deiliskipulagi, mál nr. : 290/2025. Umsögn send 23. mars 2026.
- 5.3 Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits, mál nr. : 287/2025. Umsögn send 27. mars 2026.
- 5.4. Umsögn um tillögu að breyttu deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna – Hringtorg Akranesvegur, nr. 0242/2026. Umsögn skilað 20. apríl 2026.

Borgarbyggð

- 5.5 Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Brúartorgi 6, umsögn send með tölvupósti 26. mars 2026.
- 5.6 Umsögn um Brekkukot í Borgarbyggð L(134386) mál 1401/2026. Umsögn send 26. mars 2026.
- 5.7 Umsögn um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Efra-Nes í Borgarbyggð (L134858), mál nr 198/2026. Umsögn skilað 22. apríl 2026.

Hvalfjarðarsveit

- 5.8 Umsögn vegna Hólabrú Námu - í landi Innri-Hólms L133691 og Kirkjuból L133697, mál nr. 0121/2026. Umsögn skilað 31. mars 2026.

Kjósarhreppur

- 5.9 Umsögn vegna endurskoðun Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036.máls nr. 0917/2024. Umsögn skilað 20. apríl 2026.

6. Vöktunarskýrslur um aflagða urðunarstaði

6.1 Vöktun umhverfispátta 2025 við aflagðan urðunarstað í landi Fjósa við Búðardal.

Skýrsla unnin af Environice. 24. mars 2026.

6.2 Vöktun umhverfispátta við urðunarstað fyrir óvirkan úrgang í landi Höskuldsstaða 2025. Skýrsla unnin af Environice. 25. mars 2026.

Lagt fram

7. Umsagnir og gögn vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi eftirlits.

7.1 Umsögn um frumvarp í 568. máli, frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, dagsett 15. apríl 2026.

7.2 Umsögn um frumvarp í 582. máli, einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Dagsett 16. apríl 2026

7.3 Minnisblað til Atvinnuveganefndar Alþingis og til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarpa sem fela í sér tilfærslu heilbrigðiseftirlits til ríkisins.

7.4 Tillögur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi varðandi breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits lagðar fram á fundi með ofangreindum nefndum 5. og 6. maí.2026.

7.5 Svör við spurningum nefndarmanna og kostnaðarmat unnið af Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Málið var kynnt.

8. Lög nr. 30/2026 um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Í III kafla laganna er fjallað um breytingu á lögum 7/1998. Breytingin felur m.a. í sér að starfsleyfisútgáfa og eftirlit með virkjunum og orkuverum færast til Umhverfis og orkustofnunar.

Málið var kynnt

9. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 16.50



BREIÐAFJARÐARNEFND

242. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. mars 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00.

1. Svæðisskipulag Vestfjarða

Kynning svæðisskipulagsnefndarinnar á svæðisskipulagi Vestfjarða, sem er einnig til umsagnar í skipulagsgátt til 7. apríl 2026.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd staðfesti drög að umsögn vegna máls með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum. Starfsmaður nefndarinnar mun uppfæra drögin og senda nefndafólki til staðfestingar í tölvupósti áður en umsögnin verður skiluð í skipulagsgátt 7. apríl.

2. Fundargerð 241. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 241. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 22. febrúar 2026.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

3. Framkvæmdaáætlun 2026 til 2029

Breiðafjarðarnefnd er að vinna framkvæmdaáætlun fyrir starfstímabilið.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd undirbjó gerð framkvæmdaáætlunar þar sem helstu verkefni á starfstímabilinu eru sett fram.

Ákveðið var að halda áfram vinnunni í sameiginlegu skjali sem starfsmaður nefndarinnar mun undirbúa og senda nefndarfólki milli funda.

4. Fjármálaáætlun 2026

Breiðafjarðarnefnd vinnur að fjármálaáætlun fyrir árið 2026.



5. Kynningarfundur um örnefni og fugla á Breiðafirði

Náttúrufræðistofnun og Breiðafjarðarnefnd halda sameiginlegan kynningarfund í Stykkishólmi þann 9. apríl. Á fundinum verða flutt erindi um örnefni á eyjum Breiðafjarðar og lífríki þeirra, kortlagningu staðkunnugra og fuglalíf á svæðinu. Einnig verður fjallað um Örnefnasafn Árnastofnunar og verndun Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd hefur komið að skráningu örnefna um árabíl og er kynningarfundurinn lokaafurð þessarar rannsóknar, sem var að klárast með samstarfssamningi í lok árs 2025.

Afgreiðsla:

Kynningarfundurinn skipulagður í samræmi við upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun.

6. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2026

Fyrir liggur að skipuleggja vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar árið 2026.

Breiðafjarðarnefnd fer árlega í vettvangsferð um Breiðafjarðarsvæðið. Tilgangur ferðarinnar er að nefndarfólk kynnist Breiðafirði og sérkennum hans nánar, auk þess sem heimsóttir eru staðir sem tengjast beint starfsemi nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hóf undirbúning vettvangsferðarinnar 2026. Haldið verður áfram að skipuleggja ferðina á fundi í maí.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 7. maí 2026, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

Fundargerð 998. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 8. maí kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson og Margrét Ólöf A. Sanders.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varafulltrúi hans hafði ekki tök á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 997. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 997. fundar stjórnar Sambandsins frá 17. apríl 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Rannsóknarnefnd fósturheimila og sanngirnisbætur - 2605003SA

Lagt fram sem trúnaðarmál.

Yfirlögfræðingi falið að vinna málið áfram m.v. umræður á fundinum.

3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2026-2030 - 2604012SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2026, um tillögu til þingsályktunar um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2026-2030, 566. mál.

4. Umsögn um frumvörp er varða flutning verkefna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til ríkisins - 2604016SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 16. apríl 2026, um frumvarp til laga vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál, og frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, 568. mál.

5. Tilnefning í verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt - 2603012SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 27. apríl 2026, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í

verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um landgræðslu og skógrækt, og Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

6. Tilnefning í stýrihóp um framkvæmd og innleiðingu forvarnaráætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna - 2603023SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. apríl 2026, þar sem Freyja Sigurgeirsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna 2026-2030, og Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, til vara.

7. Umsögn um frumvarp til heildarlaga um barnavernd - 2604018SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2026, um frumvarp til heildarlaga um barnavernd, 580. mál.

Fundi var slitið kl. 09:00

Fundargerð 482. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, mánudaginn 13. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 481. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 481. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 17. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga - 2604001HA

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglingar.

Starfsmanni falið að skrifa umsögn í samræmi við umræður á fundi.

3. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Lagt fram minnisblað vegna virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa, dags. 9. apríl 2026, sem hefur verið sent á aðildarhafnir.

Stjórn leggur áherslu á að Samgöngustofa uppfæri SafeSeaNet sem fyrst svo hægt sé að tryggja rétta reikningagerð frá höfnum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að það er umboðsmaður skipafélaga sem bera ábyrgð á upplýsingagjöf til hafna til að auðvelda rétta upplýsingagerð.

4. Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA

Formaður gerir grein fyrir stöðu í samtali við ráðuneytið um breytingar á hafnalögum.

Starfsmanni falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundi.

5. Vorferð stjórnar Hafnasambands Íslands til Grænlands 2026 - 2509033HA

Rætt um fyrirhugaða vorferð Hafnasambands Íslands sem ákveðið hefur verið að halda um miðjan ágúst vegna sveitarstjórnarkosninga í vor.

Formanni og starfsmanni hafnasambandsins falið að vinna málið áfram.

6. Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA

Rætt um skipulag Hafnasambandsþings sem verður haldið á Suðurnesjum 22.-23. október 2026.

Formaður og starfsfólki Hafnasambandsins falið að vinna málið áfram.

7. **Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2509013HA**

Rætt um evrópskt samstarf hafnasambandsins og farið yfir samtal stjórnar við Isabelle Ryckbost, framkvæmdastjóra ESPO (Evrópska hafnasambandinu), en stjórn fundaði með henni eftir stjórnarfund 17. mars sl.

Formanni og starfsmanni falið að vinna málið áfram og leggja fram minnisblað á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:30



Borgarnesi 01.06 2026

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Fundarboð á aukaaðalfund SSV 2026

Hér með er boðað til aukaaðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 1 júlí 2026 og hefst kl.13.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aukaaðalfundi SSV;

- Kosning stjórnar
- Önnur mál löglega fram borin.
- Kynning á starfsemi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Seturétt á aukaaðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögunum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Vakin er athygli á því að á aðalfundi SSV sem fór fram 25 mars s.l. voru afgreidd öll önnur verkefni aðalfundar en kosning í stjórn.

Virðingarfyllt

Páll S. Brynjarsson

Kristinn Jónasson

From: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>
Sent: mánudagur, 11. maí 2026 13:53
To: Samband íslenskra sveitarfélaga
Subject: Landsþing og landsþingsfulltrúar
Attachments: Landsþingsfulltrúar 2026-2030.pdf; Landsþingsfulltrúar 2026.pdf; Kjörbréf sambandsins - form 2026.doc

Til allra sveitarfélaga

Dagana 23.-25. september 2026 verður landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Akureyri.


Öll sveitarfélög sem eiga aðild að Sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi 1. janúar 2026, sbr. ákvæði 5. gr. [samþykktu Sambandsins](#). Í viðhengi má finna upplýsingar um fjölda landsþingsfulltrúa sveitarfélaga.

Þá eiga framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórnar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.


Mikilvægt er að sveitarfélög tilnefni landsþingsfulltrúa á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og því biðjum við ykkur um að tryggja að meðfylgjandi erindi verði lagt fyrir á þeim fundi. Að þeim fundi loknum þarf að senda kjörbréf, sem einnig er fyrirmynd af í viðhengi, á Sambandið. Þetta þarf að gerast í síðasta lagi 15. júlí 2026 ef fulltrúar frá ykkar sveitarfélagi ætla að taka þátt í kjöri á formanni Sambandsins sem mun fara fram rafrænt í sumar.

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga
Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900
www.samband.is / samband@samband.is
[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)



Samband íslenskra sveitarfélaga

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 11. maí 2026

2604029SA APS/vrh
Málalykill: 01.04

Efni: Landsþingsfulltrúar 2026-2030

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar hér með eftir því að þitt sveitarfélag kjósi landsþingsfulltrúa til að sitja á landsþingum Sambandsins og jafn marga til vara.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að Sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda 1. janúar 2026, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktu Sambandsins. En þar segir að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:

- Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kys 1 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kys 2 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kys 3 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kys 4 fulltrúa
- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kys einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.


Þá eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Að kosningu lokinni skal senda formlegt kjörbréf á samband@samband.is með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og vara fulltrúar þeirra. Þessar upplýsingar þurfa að berast fyrir 15. júlí nk.

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri

Sveitarfélag	íbúafjöldi 1.jan. 2026	Fulltrúar á landsþingi
Árneshreppur	60	1
Fljótsdalshreppur	115	1
Kaldraneshreppur	117	1
Eyja- og Miklaholtshreppur	119	1
Súðavíkurhreppur	219	1
Reykhólahreppur	243	1
Ásahreppur	305	1
Kjósarhreppur	319	1
Grýtubakkahreppur	373	1
Strandabyggð	422	1
Sveitarfélagið Skagaströnd	450	1
Svalbarðsstrandarhreppur	517	1
Langanesbyggð	543	1
Vopnafjarðarhreppur	633	1
Skaftárhreppur	651	1
Dalabyggð	653	1
Grímsnes- og Grafningshreppur	658	1
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	667	1
Flóahreppur	741	1
Hvalfjarðarsveit	805	1
Grindavíkurbær	819	1
Grundarfjarðarbær	857	1
Hrunamannahreppur	912	1
Hörgársveit	937	1
Sveitarfélög með 1-1.000 íbúa	12,135	24
Bolungarvíkurkaupstaður	1,003	2
Mýrdalshreppur	1,004	2
Húnaþing vestra	1,190	2
Eyjafjarðarsveit	1,206	2
Vesturbyggð	1,290	2
Sveitarfélagið Stykkishólmur	1,300	2
Húnabyggð	1,352	2
Bláskógabyggð	1,453	2
Þingeyjarsveit	1,471	2
Snæfellsbær	1,669	2
Sveitarfélagið Vogar	1,896	2
Dalvíkurbyggð	1,925	2
Rangárþing ytra	1,966	2
Fjallabyggð	1,969	2
Rangárþing eystra	2,142	2
Sveitarfélagið Hornafjörður	2,631	2
Sveitarfélagið Ölfus	2,907	2
Sveitarfélög með 1.001-3.000 íbúa	28,374	34
Norðurþing	3,017	3
Hveragerðisbær	3,344	3
Ísafjarðarbær	3,987	3
Borgarbyggð og Skorradalshreppur	4,154	3
Suðurnesjabær	4,232	3
Skagafjörður	4,361	3

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.jan. 2026	Fulltrúar á landspingi
Vestmannaeyjabær	4,518	3
Seltjarnarnesbær	4,609	3
Sveitarfélög með 3.001-5.000 íbúa	32,222	24
Fjarðabyggð	5,228	4
Múlaþing	5,235	4
Akraneskaupstaður	8,440	4
Sveitarfélög með 5.001-10.000 íbúa	18,903	12
Sveitarfélagið Árborg	12,671	5
Mosfellsbær	13,772	5
Akureyrarbær	20,284	6
Garðabær	20,724	6
Reykjanesbær	22,697	6
Hafnarfjarðarkaupstaður	32,398	7
Kópavogsbær	40,286	8
Reykjavíkurborg	139,804	17
Sveitarfélög með 10.001 eða fleiri íbúa	302,636	60
Samtals	394,270	154



KJÖRBRÉF

Kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2026–2030

Á fundi *Nafn sveitarfélagsins* sem haldinn var *dagsetning fundar*, voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúi/aðal- og varafulltrúar sveitarfélagsins á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2026–2030, samkvæmt 5. gr. samþykkt Sambandsins:

Aðalfulltrúi:	Staða innan sveitarstjórnar:	Netfang:	Kennitala:	GSM:

Ýtið á TAB takkann til að fá flytja á milli dálka og fá nýja línu.

Varafulltrúi:	Staða innan sveitarstjórnar:	Netfang:	Kennitala:	GSM:

Varafulltrúar skulu taldir upp í sömu röð og aðalfulltrúar

Staður og dagsetning

Undirskrift og embættisstimpill

Samkvæmt 5. gr. samþykkt Sambands íslenskra sveitarfélaga skulu varafulltrúar kosnir jafnmargir og aðalfulltrúar og fer kosningin eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs. Kjörgengir sem fulltrúar á landsþingi eru nýkjörnir aðalfulltrúar í sveitarstjórnnum og varafulltrúar þeirra jafnmargir að tölu, í samræmi við yfirlýsingu yfirkjörstjórnar sveitarfélags um kosningaúrslit sbr. 119. gr. a. kosningalaga nr. 112/2021.

Undirritað kjörbréf skal sent skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða á netfangið samband@samband.is fyrir 15. júlí 2026.

Menntastefna Snæfellsbæjar 2026-2031

Gæðamenntun og náttúra að leiðarljósi

Yfirlit

Yfirlit.....	1
Ávarp.....	2
Inngangur.....	2
Framtíðarsýn.....	2
Meginmarkmið.....	3
Náttúra og samfélag.....	3
Vellíðan og persónuþroski.....	3
Skipulag og kennsluhættir.....	4
Mannauður.....	4
Heildstæð sýn og samfella í lífi barna.....	5
Ábyrgð og innleiðing.....	5

Ávarp

Kæru íbúar, starfsfólk skóla og nemendur!

Menntun er undirstaða framfara og öflugasta tækið sem við eigum til að móta framtíðina. Með endurskoðun menntastefnu Snæfellsbæjar leggjum við línurnar fyrir áframhaldandi metnaðarfullt skólastarf þar sem hvatning, virðing og vellíðan skipa ríkan sess í námsumhverfi barna og unglinga og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda. Heimurinn og umhverfi okkar breytist ört. Það er því hlutverk okkar að tryggja að börnin okkar séu ekki aðeins búin undir áskoranir morgundagsins, heldur öðlist þau líka getu og samstarfsvilja til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt.

Hér í Snæfellsbæ hefur verið góð samvinna skóla og samfélagsins um að styrkja börnin, hvort tveggja með fræðslu og þátttöku í samfélaginu. Við búum að fjölbreyttri náttúru og sögu í kringum okkur sem gefa okkur ótal tækifæri til náms og kennslu. Það hefur verið gaman að fylgjast með skólunum okkar í gegnum árin nýta þessi tækifæri og er mikilvægt að við höldum því áfram í framtíðinni. Þessi nýja stefnumótun sem hér birtist er afrakstur mikillar vinnu og samráðs við fjölmarga með íbúafundum, könnunum og samtölum. Menntastefna þessi er því lifandi skjal sem mun leiða okkur áfram í því mikilvæga verkefni að skapa gott námsumhverfi.

Formaður fræðslunefndar Snæfellsbæjar,
Sigrún Erla Sveinsdóttir

Inngangur

Skólastefna Snæfellsbæjar frá árinu 2009 hefur verið endurskoðuð og sett fram ný menntastefna sveitarfélagsins fyrir árin 2026–2031 ásamt aðgerðaáætlun. Endurskoðunin var unnin af stýrihópi skipuðum Sigrúnu Erlu Sveinsdóttur og Margréti Sif Sævarsdóttur úr fræðslunefnd, Vilborgu Lilju Stefánsdóttur skólastjóra grunnskólans, Guðna Eiríki Guðmundssyni aðstoðarskólastjóra, Rósu Erlendsdóttur deildarstjóra Lýsudeildar, Guðrúnu Önnu Oddsdóttur grunnskólakennara, Hermínu K. Lárusdóttur leikskólastjóra, Lindu Rut Svansdóttur aðstoðarleikskólastjóra, Þorkötu Kristínu Sumarliðadóttur leikskólakennara og Valentínu Kay tónlistarskólastjóra. Ásgarður skólaráðgjöf stýrði vinnu hópsins sem fór fram frá janúar til maí 2026. Við endurskoðunina var tekið mið af stefnumótun í mennta- og uppeldismálum á Íslandi og byggt á fjölbreyttum gögnum, könnunum og samráði við skólasamfélagið. Haldinn var íbúafundur og lögð áhersla á að fá fram sjónarmið nemenda, foreldra og starfsfólks. Drög að stefnunni voru lögð í opið samráð í Snæfellsbæ áður en hún var samþykkt í fræðslunefnd og bæjarstjórn. Stýrihópurinn þakkar öllum sem lögðu sitt af mörkum til mótunar menntastefnu Snæfellsbæjar.

Framtíðarsýn

Í Snæfellsbæ er mennta- og uppeldisstarf faglegt, skapandi og metnaðarfullt þar sem gæðanám, vellíðan og farsæld hvers barns eru í öndvegi. Skólar sveitarfélagsins eru lærdómssamfélög þar sem sérstök áhersla er lögð á læsi, sjálfstæði, lífsleikni og færni til að taka virkan þátt í samfélaginu. Náttúra, saga og menning Snæfellsness eru hluti leiks og náms og unnið er með að styrkja tengsl nemenda við nærumhverfi sitt og ábyrgð á sjálfbærni. Skólasamfélagið byggir á traustu samstarfi heimila, skóla og nærsamfélags þar sem fagmennska og samvinna stuðla að menntun og farsæld allra barna.

Meginmarkmið

1. Að mennta- og uppeldisstarf byggi á lögum, aðalnámskrám og grunnþáttum menntunar, með læsi, sköpun og gagnrýna hugsun sem grunn að námi og hæfni til framtíðar.
2. Að leikur, nám og kennsla séu í fremstu röð, byggð á fagmennsku, þekkingu, reynslu og nýsköpun.
3. Að jöfn tækifæri séu tryggð fyrir öll börn, þar sem réttindi þeirra eru virt og þau fá tækifæri til þátttöku, áhrifa og ábyrgðar í sjálfbæru samfélagi.
4. Að vellíðan sé í öndvegi, með áherslu á jákvæð samskipti, öryggi, sterka sjálfsmynd, inngildingu og geðrækt, og að börn og fjölskyldur fái snemmtækan og samþættan stuðning í anda farsældar barna.
5. Að samstarf heimila, skóla og samfélags sé markvisst og skipulagt, með það að markmiði að skapa samfellu í leik og námi barna.
6. Að starfsfólk njóti faglegs stuðnings, tækifæra til starfsþróunar og góðra starfsskilyrða til að tryggja einstaklingsmiðað gæðastarf í heilnæmu og öruggu umhverfi.
7. Að gæði séu í forgrunni, með kerfisbundnu innra mati sem styður samstarf, upplýsta ákvarðanatöku og stöðugar umbætur í skólastarfi.

Náttúra og samfélag

Umhverfi og náttúra í Snæfellsbæ er afar fjölbreytt og skapar einstaka sérstöðu í skólastarfi. Nálægðin við náttúruna, hafið og söguna er nýtt sem lifandi kennslustofa þar sem útinám og kennsla eru reglulegir þættir skólastarfsins. Mikilvægt er að efla tengsl skólanna við fyrirtæki og stofnanir í gegnum fjölbreytt samstarfsverkefni. Slík samvinna styrkir og fræðir nemendur um mikilvægi atvinnulífs sem og tækifærin sem þeim bjóðast í heimabyggð til framtíðar. Samfélagið hefur breyst á undanförunum áratugum og fjölmening hefur auðgað mannlífið. Lítið er á þennan margbreytileika sem tækifæri í skólastarfinu þar sem allir eiga að geta blómstrað.

Markmið:

- Nemendur fá reglulega tækifæri til að stunda nám utandyra og hafa því þekkingu á náttúru og sögu svæðisins við lok skólagöngu.
- Nám tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og eykur skilning á sjálfbærni og umhverfisvernd.
- Nemendur virði og meti fjölbreytileikann.
- Nemendur læri um íslenskt samfélag og atvinnulíf í nánnum tengslum við fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu.

Vellíðan og persónuþroski

Í öllu starfi með börnum er lögð áhersla á að mennta sjálfstæða, ábyrga einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur eru hvattir til dáða og sköpuð er menning í skóla- og frístundastarfi sem stuðlar að vellíðan og gleði. Leik- og námsumhverfið er hvetjandi, öruggt og byggir á virkri þátttöku og styrkleikum hvers og eins.

Markmið:

- Nemendum líði vel í skólanum og upplifi öryggi, jákvæð tengsl og inngildandi skólasamfélag þar sem samskiptahæfni, samkennd og virðing eru markvisst efld.
- Tryggður sé snemmtækur og samþættur stuðningur í anda farsældarlaga til að mæta þörfum barna og stuðla að vellíðan þeirra og þroska.

- Nemendur séu hvattir til að nýta hæfileika sína, taka framförum og „stiga ávallt skrefi framar“ í námi og persónulegum þroska.
- Nemendalýðræði sé virkt í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Forvarnarstarf stuðli að jákvæðum tengslum og vinnu gegn hvers konar ofbeldi í samstarfi skóla- og frístundastarfs.

Skipulag og kennsluhættir

Starfsstöðvar skólanna eru ólíkar og samstarf þeirra á milli eykur fjölbreytni í leik og námi. Nálægð við Fjölbrautaskóla Snæfellinga skapar jafnframt tækifæri til að efla samstarf og félagsstarf unglinga í Snæfellsbæ. Allir nemendur eiga rétt á gæðamenntun óháð búsetu í öruggu og hvetjandi námsumhverfi. Kennsla byggir á fjölbreyttum aðferðum, námi við hæfi hvers og eins og leiðsögn sem styður ábyrgð nemenda á eigin námi og stöðugar framfarir. Skólastarfið býður upp á sveigjanlegt leik- og námsumhverfi þar sem húsnæði, tækni og námsgögn styðja samstarf, sjálfstætt nám og skapandi verkefni. Nærumhverfi og samfélag eru nýtt sem hluti af leik og námi. Skipulag gerir ráð fyrir virkri þátttöku nemenda sem setja sér markmið, taka þátt í ákvörðunum um nám sitt og vinna að fjölbreyttum, oft þverfaglegum viðfangsefnum sem tengja saman þekkingu, sköpun og raunverulegar áskoranir.

Markmið:

- Efla samstarf milli leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, sem og milli starfsstöðva skólanna, og styrkja tengsl við heimili og nærsamfélag til að auka samfellu og fjölbreytni í leik og námi.
- Tryggja öllum nemendum gæðamenntun óháð búsetu í öruggu og hvetjandi námsumhverfi með fjölbreyttum kennsluháttum, einstaklingsmiðuðu námi og skýru náms- og þroskamati.
- Skapa hvetjandi og sveigjanlegt leik- og námsumhverfi þar sem húsnæði, tækni og námsgögn styðja samstarf, sjálfstætt nám og skapandi verkefni og þar sem nærumhverfi og samfélag eru nýtt í námi.
- Starfshættir einkennist af lýðræði og virðingu, nemendur hafi möguleika á að hafa áhrif á nám sitt og taka ábyrgð.

Mannauður

Í skólum Snæfellsbæjar starfar metnaðarfullt og hæft starfsfólk með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á að nýta þessa hæfni vel og efla markvisst starfsþróun og símenntun starfsfólks. Skólastarf byggir á teymisvinnu og samstarfi fagfólks þar sem sameiginleg ábyrgð er á leik, námi og velferð nemenda. Starfsfólk vinnur saman í virku lærdómssamfélagi þar sem ígrundun, miðlun reynslu og þróunarstarf eru hluti af daglegu starfi og stuðla að stöðugum umbótum í leik og námi nemenda.

Markmið:

- Tryggja starfsfólki gott aðgengi að símenntun og tækifæri til að stunda hana.
- Auka samstarf og ánægju starfsfólks með heilbrigðu vinnuumhverfi, lýðræðislegum vinnubrögðum og samvinnu innan skóla og milli skóla.
- Tryggja þarf stuðning við starfsfólk með góðu aðgengi að skólaþjónustu.
- Styrkja liðsheildina og þá sterku samkennd, gagnkvæmu virðingu og góðu samskipti sem einkenna mannauðinn, til að laða að og halda í hæft starfsfólk.

Heildstæð sýn og samfella í lífi barna

Menntastefna Snæfellsbæjar er hluti af heildstæðri stefnumótun sveitarfélagsins í þágu menntunar og farsældar barna og ungmenna. Hún byggir á og styður við markmið Íþrótt- og tómstundastefnu Snæfellsbæjar 2025–2027 og Forvarnarstefnu Snæfellsness 2025, þar sem velferð, þátttaka og farsæld barna eru í forgrunni. Skólar, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar, foreldrar og aðrir samstarfsaðilar mynda sameiginlegt stuðningsnet utan um börn og ungmenni.

Markmið:

- Stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna.
- Efla jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og ábyrgð.
- Tryggja jafnan aðgang að námi, íþróttum og tómstundum.
- Vinna markvisst að forvörnum gegn áhættuhegðun.
- Styrkja tengsl heimila, skóla og samfélags.

Menntastefnan leggur áherslu á að skóla- og frístundastarf styðji hvort annað og myndi samfellu í daglegu lífi barna.

Ábyrgð og innleiðing

Sveitarfélagið styður markvisst við innleiðingu menntastefnunnar og ber ábyrgð á að hún endurspeglir í stefnu og starfi skólanna. Skólastjórar bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og forgangsröðun aðgerða. Staða hvers skóla gagnvart stefnuþáttum menntastefnunnar er birt í opnum og aðgengilegum skýrslum um innra mat í lok hvers skólaárs. Fræðslunefnd ber ábyrgð á mati og eftirliti með framgangi stefnunnar í umboði bæjarstjórnar. Menntastefnan gildir til ársins 2031 en skal endurskoðuð fyrr ef ástæða er til. Eftirfylgni og endurskoðun stefnunnar verður í höndum fræðslunefndar og starfsfólks sveitarfélagsins eftir atvikum, sem jafnframt fylgja innleiðingu hennar eftir.

Samþykkt í fræðslunefnd 18. maí 2026

Samþykkt í bæjarstjórn xx 2026

Menntastefna Snæfellsbæjar© 2026

Aðgerðaráætlun

Stefnubættir ¹	Meginmarkmið ²	Helstu aðgerðir	Ábyrgð	Mælikvarðar	Viðmið ³
Skipulag og kennsluhættir.	1. Að mennta- og uppeldisstarf byggi á lögum, aðalnámskráum og grunnþáttum menntunar, með læsi, sköpun og gagnrýna hugsun sem grunn að námi og hæfni til framtíðar.	Uppfæra skólánámskrár, starfsáætlanir og tengdar áætlanir.	Skólastjórar, fræðslunefnd	Uppfærðar skólánámskrár og áætlanir.	
Skipulag og kennsluhættir. Mannauður.	2. Að leikur, nám og kennsla séu í fremstu röð, byggð á fagmennsku, þekkingu, reynslu og nýsköpun.	Þróa fjölbreytta og skipaði kennsluhætti m.a. með starfsþróun og þróunarverkefnum. Auka vægi þverfaglegs náms og verkefnavinnu. Innleiða leiðsagnarmat og styrkja ábyrgð nemenda á eigin námi. Endurskoða áætlanir leiks, náms og kennslu.	Skólastjórar, kennarar	Innra mat skóla, nemendakannanir, starfsþróunaráætlun.	Að minnsta kosti 90% gæðaviðmiða um skólastarf séu uppfyllt (A) og gerð grein fyrir þeim í áætlunum og skýrslum um innra mat:
Skipulag og kennsluhættir. Velliðan og persónubroski. Náttúra og samfélag.	3. Að jöfn tækifæri séu tryggð fyrir öll börn, þar sem réttindi þeirra eru virt og þau fá tækifæri til þátttöku, áhrifa og ábyrgðar í sjálfbærri samfélagi.	Tryggja aðgengi allra barna að gæðamenntun óháð búsetu. Efla þátttöku nemenda í ákvarðanatöku um eigið nám og skólastarf m.a. með skólapingi, nemendasamtölum og þátttöku í innra mati.	Sveitarfélag, skólastjórar, kennarar	Nemenda- og foreldrakannanir.	(A) Mjög gott verklag sem samræmist fjölliuga lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
Skipulag og kennsluhættir. Velliðan og persónubroski. Náttúra og samfélag. Heildstæð sýn og samfella í lífi barna. Skipulag og kennsluhættir.	4. Að velliðan sé í öndvegi, með áherslu á jakvæð samskipti, öryggi, sterka sjálfsmynd, inngildingu og geðrækt, og að börn og fjölskyldur fái snemmtækan og samþættan stuðning í anda farsæðarlagar. Skipulag og kennsluhættir.	Efla jakvæðan skólabrag með viðburðum, fræðslu og markvissum samtölum sem styðja við forvarnir og geðrækt. Tryggja snemmtækan og samþættan stuðning í anda farsæðarlagar. Styrkja sérstaklega stuðning við fjölyngd börn og fjölskyldur þeirra.	Skólar, sveitarfélag, þjónustuaðilar	Líðanakannanir, stuðningsmat og þjónustumat.	Hver skóli setur fram skýr viðmið um hvern matsþátt í áætlunum um innra mat sem fræðslunefnd staðfestir.
Skipulag og kennsluhættir. Mannauður. Skipulag og kennsluhættir.	5. Að samstarf heimila, skóla og samfélags sé markvisst og skipulagt, með það að markmiði að skapa samfelli í leik og námi barna.	Styrkja foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun með skýrum áherslum í starfsáætlun og samstarfsáætlunum foreldrafélaga og skóla- og foreldraráða. Árlegt skólaping með þátttöku foreldra. Efla samstarf skóla við frístundastarf, íþróttafélag og atvinnulíf. Koma á reglulegum samráðsvettvangi með nærsamfélagi.	Skólastjórar, skóla- og foreldraráð, sveitarfélag	Foreldrakannanir, samstarfsverkefni.	
Skipulag og kennsluhættir. Mannauður. Skipulag og kennsluhættir.	6. Að starfsfolk njóti faglegs stuðnings, tækifæra til starfsþróunar og góðra starfskilyrða til að tryggja einstaklingsmiðað gæðastarf í heilnæmu og öruggu umhverfi.	Móta og innleiða árlega starfsþróunaráætlun. Efla teymisvinnu og faglegt lærdómsamfélag. Bæta aðgengi að sérfræðþjónustu og stuðningi við starfsfolk. Nýta hæfiramma reglubundnið til að tryggja að starfsþróun styðji við raunverulega þörf hjá starfsfólki.	Sveitarfélag, skólastjórar	Árlegar starfsmannakannanir, þátttaka í starfsþróun.	
Ábyrgð og innleiðing.	7. Að gæði séu í forgrunni, með kerfisbundnu innra mati sem styður samstarf, upplýsta ákvarðanatöku og stöðugar umbætur í skólastarfi.	Samræma og efla innra mat skóla. Uppfæra langtíma- og ársáætlanir innra mats. Nýta gögn og niðurstoður markvisst til umbóta. Skila árlegri stöðuskýrslu um framgang stefnunnar.	Skólastjórar, gæðaráð, fræðslunefnd	Árlegar mats- og umbótaskýrslur, gæðaviðmið.	

¹ Stefnubættir er holti kollanna í menntastefnuinni en hvern kolla er mikilvægt að kynna vel, meta og þræða í starfseminu sérstaklega.

² Meginmarkmið raanna um störu stefnuna í menntastefnu og segja til um að hverju sveitarfélagið ætli að vinna í námi/framtíð og lýsa þeim árangri sem stefnt er að.

³ Viðmið er sa arangur sem stefnt er að og einhugar er um að teljist góður árangur.

Gögn fyrir aðgerðir og viðmið:

<ul style="list-style-type: none"> • Lög um leikskóla • Lög um grunnskóla • Lög um tónlistarskóla 	<ul style="list-style-type: none"> • Aðalnámskrá • Gæðaviðmið um leikskólastarf • Gæðaviðmið um grunnskólastarf 	<ul style="list-style-type: none"> • Matstæki GGÓ • Menntastefna Íslands • Æskulýðslög 	<ul style="list-style-type: none"> • Heimsmarkmiðin • Barnasáttmálinn • Farsæld barna heimastíða 	<ul style="list-style-type: none"> • Hæfnirammir fagfólks • Reelugerð um abyrgeð og skyldur aðila skólansamfélagsins í grunnskólum.
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Samþykkt í fræðslunefnd 18. maí 2026
 Samþykkt í bæjarstjórn xx 2026

Menntastefna Snæfellsbæjar © 2026

Fwd: Dalbær

From Maggý Hrönn Hermannsdóttir <mahronn@gmail.com>

Date Mon 5/18/2026 3:38 PM

To Valgerður Hlín Kristmannsdóttir <valgerdur@snb.is>; Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>; Ragnar Már Ragnarsson <ragnar@snb.is>; Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Snæfellsbær <snb@snb.is>

On Mon, 18 May 2026 at 15:25, Maggý Hrönn Hermannsdóttir <mahronn@gmail.com> wrote:

Hvernig er formlegt erindi orðað öðruvísi en t.d. svarið okkar frá 13/11 s.l. ? Er hægt að taka einhliða ákvörðun bæjarins í málinu? Sjö ár eða ekkert? Ef við veljum að framlengja ekki á þessum forsendum, hvað þá? Við föllumst ekki á 7 ára einhliða ákvörðun bæjarins. Það er alveg pottpétt og þeirri ákvörðun verður ekki haggð frekar en Ólafsvíkurenni.

Kv, Maggý

Berist til nýkjörinnar bæjarstjórnar við fyrsta tækifæri.

Þessi sjö ára framlenging er algjör forsendubrestur fyrir sölu á Dalbæ á markaðsvirði og því er ágætt að þið vitið það nú þegar að við eigendur munum ekki ganga að samningi til 7 ára þegar núgildandi samningur rennur út. Því er óskað svara við því hvað sveitarfélagið hyggist gera varðandi eignina þegar lóðaleigusamningur rennur út? Eins og við höfum áður sagt að þá erum við einungis tilbúin til að ganga að samningi til 20-30 ára.

Bestu kveðjur,

Maggý og Tómas

On Mon, 18 May 2026 at 15:19, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir <valgerdur@snb.is> wrote:

Sæl Maggý

Frá því Lilja sendi þér svar þann 13. nóvember 2025 hefur ekkert breyst hvað varðar bókun bæjarstjórnarinnar. Í boði er endurnýjun til 7 ára en það er í samræmi við aðra lóðarleigusamninga sem hafa verið endurnýjaðir á lóðum á víkjandi svæðum. Ef þið eruð ósátt þá er rétta leiðin að senda formlegt erindi vegna þessa og óska eftir því að það verði tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar.

Kveðja,

Valgerður Hlín Kristmannsdóttir

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

sími: +354 433 6900

Ábyrgð þín varðandi tölvupóst.

Tölvupóstur og viðhengi sem starfsfólk Snæfellsbæjar sendir utan hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti og viðhengjum hans, skal fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og hvorki skrá hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt.

Tilkynna skal sendanda samstundis hafi upplýsingarnar borist ranglega til viðtakanda. Efni tölvupóstsins og viðhengja er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Snæfellsbæjar.

From: Maggý Hrönn Hermannsdóttir <mahronn@gmail.com>

Sent: mánudagur, 18. maí 2026 13:07

To: Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Ragnar Már Ragnarsson <ragnar@snb.is>; Valgerður Hlín Kristmannsdóttir <valgerdur@snb.is>

Subject: Fwd: Dalbær

Góðan dag. Nú eru komnir 6 mánuðir frá síðustu samskiptum okkar vegna lóðarleigusamningsins. Hvenær munum við vænta svara og hvernig hafið þið hugsað ykkur að landa þessu máli? Þessi seinagangur er að valda því að við getum ekki selt húsið og alls ekki ef hugsunin er að framlengja samninginn einungis um 7 ár. Núna eru áhugasamir kaupendur en enn og aftur stendur á afgreiðslu málsins frá bænum.

Kveðja,

Maggý Hrönn og Tómas

On Thu, 13 Nov 2025 at 19:44, Maggý Hrönn Hermannsdóttir <mahronn@gmail.com> wrote:

----- Forwarded message -----

From: **Lilja Ólafardóttir** <lilja@snb.is>

Date: Thu, 13 Nov 2025 at 15:38

Subject: Re: Dalbær

To: Maggý Hrönn Hermannsdóttir <mahronn@gmail.com>

Sæl Maggý,

Það var bæjarstjórnin sem samþykkti þessa meðferð lóðarleigusamninga eigna a víkjandi svæðum. Ef þú ert ekki sátt við lóðarleigusamninginn eins og hann er boðinn skv bókun

bæjarstjórnar, þá þarftu að senda formlegt erindi vegna þess og óska eftir að það verði tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi.

Kveðja,

Lilja Ólafardóttir
bæjarritari í Snæfellsbæ
sími: +354-433-6900

On 13 Nov 2025, at 09:57, Maggý Hrönn Hermannsdóttir
<mahronn@gmail.com> wrote:

Sæl Lilja,

Þessi sjö ára framlenging er algjör forsendubrestur fyrir sölu á Dalbæ á markaðsvirði og því er ágætt að þið vitið það nú þegar að við eigendur munum ekki ganga að samningi til 7 ára þegar núgildandi samningur rennur út. Því er óskað svara við því hvað sveitarfélagið hyggist gera varðandi eignina þegar lóðaleigusamningur rennur út? Eins og við höfum áður sagt að þá erum við einungis tilbúin til að ganga að samningi til 20-30 ára.

Bestu kveðjur,

Maggý og Tómas

Trjágarðurinn Tröð

Skógræktar- og landverndarfélag Undir Jökli

Bæjarritari Snæfellsbæjar,
Klettsbúð 4,
360 Snæfellsbæ

Fyrir nokkrum árum var settur upp frísbíggjufvöllur í trjágarðinum Tröð við Hellissand. Leitað var eftir samþykki okkar í skógræktar- og landverndarfélaginu, sem höfum sinnt viðhaldi og uppbyggingu í Tröðinni undanfarnin ár. Okkur virtist þetta geta gengið án þess að það mundi valda varanlegum skemmdum á gróðri í garðinum.

Nú hafa árin liðið og þykir okkur, því miður, sem mikið vanti á að hlutirnir séu í því horfi sem til stóð.

Í fyrstalagi: Uppsetning og vönduð merking brauta hefur ekki verið sem skyldi

Í öðrulagi: Það vantar skilti við t.d inngang í garðin sem sýnir hvernig brautir liggja í garðinum

Í þriðjalagi: Körfur hafa skekst og virka draslaralegar í annars fallegu umhverfi.

Það er ósk okkar, til þeirra sem málið varðar, að ofangeindum atriðum verði kipt í lag hið fyrsta, eða að öðrum kosti verði þessi búnaður tekin niður.

Virðingarfyllst,

F.h. Skógræktar- og landverndarfélags undir Jökli.

Hellissandi 27.05.26

Syðia Rafnsdóttir
Lúðvík V. Luóvar



Kópavogi, 2. apríl 2025.

Til aðildarsveitarfélaga Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Á aukafundi fulltrúaráðs EBÍ þann 19. mars sl. var lögð fram og samþykkt tillaga að nýjum samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Í kjölfar umræðu á aðalfundi EBÍ árið 2023 skipaði stjórn starfshóp sem vann tillögur að breytingum. Niðurstaða starfshópsins var að þörf væri á heildarendurskoðun samþykktanna í ljósi þess að nauðsynlegt er talið að færa þær til nútímahorfs. Lagði starfshópurinn til breytingar sem bæði taka mið af breytingum á umhverfi sveitarfélaga og verkefnum EBÍ á þeim 30 árum sem liðin eru frá því að eldri samþykktir tóku gildi. Er þá ekki síst horft til þess að sveitarfélög hafa sameinast og héraðsnefndir hafa víða verið lagðar niður, sem skapar nokkurn vafa um seturétt á fulltrúaráðsfundum EBÍ. Því töldu starfshópur um endurskoðun samþykktanna og stjórn EBÍ bæði rétt og nauðsynlegt að breyta samþykktunum.

Ein af meginbreytingunum sem samþykktar voru er að eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eiga **öll aðildarsveitarfélög EBÍ** að kjósa í fulltrúaráðið í stað þess að í eldri samþykktum var gert ráð fyrir að einungis bæir og héraðsnefndir kysu í fulltrúaráðið. Þá mun atkvæðavægi á fulltrúaráðsfundum miðast við eignarhlut sveitarfélags í EBÍ. Sama regla gildir einnig um breytingar á samþykktum og um slit félagsins.

Helstu breytingarnar auk ofangreindra eru ýmis ákvæði er varða heimild til rafræna funda, hlutfall kvenna og karla í stjórn EBÍ, ákvæði um varamenn og skipan kjörnefndar fyrir aðalfund.

Mörg sveitarfélög eru með ákvæði um kosningu fulltrúa í fulltrúaráðið inni í samþykktum sveitarfélagsins og kjósa þá í fulltrúaráðið um leið og í aðrar nefndir í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. En nýtt fulltrúaráð kemur saman til aðalfundar ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Í ljósi þessa þykir stjórn EBÍ nauðsynlegt að upplýsa öll aðildarsveitarfélög um þessar breytingar þannig að sveitarfélögin geti gert breytingar á sínum samþykktum ef þau kjósa svo, hafi samþykktirnar ekki þegar að geyma slíkt ákvæði. Þetta á einkum við um sveitarfélög sem hafa sameiginlega tilnefnt fulltrúa á vettvangi héraðsnefnda. Skipunartími núverandi fulltrúaráðs rennur út einu ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar og þá mun nýtt fulltrúaráð, skv. nýjum samþykktum EBÍ, taka við á aðalfundi þess haustið 2027.

Bestu kveðjur


Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

Samþykktir

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs.

1. gr.

Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur reka saman Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. Byggðasamlagið er stofnað á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2. mgr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

2. gr.

Samlagið heitir Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs. Er í samþykktum þessum jafnframt vísað til þess með skammstöfuninni "FSS". Heimili þess og varnarþing er á Hellissandi, Snæfellsbæ.

3. gr.

Tilgangur og hlutverk FSS er að annast skipulag og framkvæmd verkefna sem skylt er skv. neðangreindum lögum ásamt síðari breytingum sem á þeim kunna að verða og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa:

1. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
3. Lögum um leikskóla nr. 90/2008.
4. Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

FSS veitir Borgarbyggð og Barnaverndarþjónustu Vesturlands jafnframt þjónustu vegna barnaverndarmála á grundvelli þjónustusamnings um þá þjónustu.

4. gr.

Aðalfund skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði. Fer hann með æðsta vald í málefnum byggðasamlagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Aðalfund skal stjórn byggðasamlagsins boða með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá fundarins og ársreikningur skal fylgja fundarboði eða berast sveitarstjórnnum eigi síðar en viku fyrir boðaðan fund. Aðalfundur er lögmætur sé hann löglega boðaður, bréflaga eða í rafrænu formi.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna er mættur.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtaldir liðir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Afgreiðsla reikninga
4. Tilnefning stjórnar samkvæmt 1. mgr. 5. gr.
5. Kosning endurskoðanda
6. Önnur mál

Aukafundi skal halda ef einn stjórnarmaður eða þriðjungur þeirra sem rétt eiga til fundarsetu óskar þess og skulu þeir boðaðir með dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og aukafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða fulltrúa aðildarsveitarfélaganna.

Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins skal tekin fyrir ef tillaga um breytingar hefur komið fram með löglegum fyrirvara fyrir aðalfund. Tillaga að breytingu á samþykktum skal fylgja fundarboði eða send rafrænt til framkvæmdastjóra allra aðildarsveitarfélaganna og verkefnastjóra í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

5. gr.

Í stjórn byggðasamlagsins skulu sitja þrjú fulltrúar; einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Snæfellsbæjar og einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms. Kjósa skal jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna. Stjórnarmenn skulu tilnefndir á aðalfundi ár hvert samkvæmt 4. tl. 3. mgr. 4. gr.

Við atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna en að öðru leyti gilda um fundi og fundarsköp ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, eftir því sem þau eiga við og fyrirmynd ráðuneytisins að fundarsköpum sveitarstjórna um stjórnarfundum. Sama gildir um réttindi og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kys sér formann. Formaður stýrir fundum. Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók ellegar í rafrænt form.

Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum sem og birta á aðgengilegan hátt á heimasíðu byggðasamlagsins og/eða heimasíðum sveitarfélaganna.

6. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- a. Að ráða forstöðumann og ákvarða ráðningarkjör hans og starfsskipulag; setja erindisbréf og veita prókúrumboð.
- b. Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfseminu og vísað er til stjórnar.
- c. Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- d. Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- e. Að semja tillögur til aðalfundar um verkefni næsta árs, rekstraráætlun og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt, innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

7. gr.

Ein, sameinuð félags-, og skólaþjónustunefnd, sem heitir "Félagsmálanefnd Snæfellinga", skal starfa og sinna viðeigandi verkefnum á starfssvæðinu. Nefndin fer með lögbundið hlutverk félagsmála-, leikskóla- og skólanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í nefndina skal kjósa fimm aðalfulltrúa; tvo frá Snæfellsbæ, tvo frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi og einn frá Grundarfjarðarbæ. Jafnframt skal kjósa jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna.

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins annast rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, það er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum aðildarsveitarfélaganna gagnvart íbúum þeirra og starfsmönnum stofnunarinnar.

9. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði FSS skal jafna niður á aðildarsveitarfélögin í réttu hlutfall við íbúatölu þeirra eins og hún var 1. desember næstliðið ár. Sameiginlegur kostnaður er allur kostnaður vegna starfa stjórnar, félagsmálanefndar og reksturs stofnunarinnar. Kostnaður vegna einstakra úrræða greiðist af viðkomandi sveitarfélagi, að höfðu samráði við viðeigandi starfsmann þess sveitarfélags.

10. gr.

Forstöðumaður gerir fjárhagsáætlun í samráði við stjórn og félagsmálanefnd. Senda skal áætlunina sveitarstjórnnum til umfjöllunar fyrir 1. desember ár hvert eða eftir nánari viðmiðum sveitarfélaganna sem og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum tíma. Hafi ekki borist athugasemdir við frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir áramót skoðast það samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn. Berist breytingartillögur eða athugasemdir við fjárhagsáætlunina skal stjórn FSS fjalla um þær og afgreiðir stjórn fjárhagsáætlun endanlega fyrir janúarlok. Ákvarðanir um allar stærri fjárfestingar skal þó taka á aðalfundi.

11. gr.

Gjöldum aðildarsveitarfélaganna skal skipt í tíu mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar frá og með febrúar til og með nóvember. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

12. gr.

Reikningar FSS skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem stjórn FSS ræður til starfans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga með síðari breytingum.

13. gr.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

14. gr.

FSS er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu skv. samþykktum þessum enda greiði viðkomandi sveitarfélag fyrir þá þjónustu.

15. gr.

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu og hvernig með skuli fara verði starfsemi byggðasamlagsins hætt, gilda ákvæði 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum.